

Miðvikudaginn 1. febrúar 1984.

Nr. 5/1984. **Helgi Sigurðsson**
 gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1984.

Nr. 17/1982. **Kópavogskaupstaður**
 (Þórólfur K. Beck hrl.)
 gegn
Guðmundi Guðbjörnssyni
 (Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Skaðabótamál. Kjarasamningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómurarnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1982. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt kjarasamningi áfrýjanda og Starfsmannafélags Kópavogs, þeim er í málinu greinir, átti fjárhæð slysatryggingar hvers starfsmanns vegna slyss, er af hlytist 100% örorka, að nema

7.425.000 gkr. miðað við verðlag 1. júní 1977. Þá fjárhæð bar síðan að endurskoða árlega miðað við áramót. Dómkrafa stefnda er hins vegar við það miðuð, að váttryggingarfjárhæðin hefði átt að breytast tvisvar á ári vegna verðlagsbreytinga. Hefur verið á þann skilning fallist af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt því hefði hámarksfjárhæð slysatryggingar stefnda átt að nema 10.604.000 gkr. á slysdegi.

Áðurgreindan kjarasamning ber að skýra svo, að ákvæði hans um slysatryggingu starfsmanna áfrýjanda, er gilda ætti allan sólarhringinn, hafi verið reist á þeirri forsendu, að sú slysatrygging yrði háð þeim takmörkunum og undanþágum, sem yfirleitt tíðkuðust hjá íslenskum váttryggingarfélögum í almennum eða sérstökum skilmálum þeirra við atvinnuslysatryggingar launþega. En jafnvel þótt við það væri miðað, að meðal slíkra ákvæða í slysatryggingum þessum hafi verið fyrirvari um, að váttryggingin taki ekki til þess, er sá, sem tryggður er, vinnur í frítíma sínum „við arðbær störf“ í eigin þágu eða annarra en váttryggingartaka, getur það þó engum úrslitum ráðið í málinu, þar sem hin tilvitnuðu orð verður að skýra svo þröngt, að þau taki ekki til athafna stefnda, er hann slasaðist. Fjárhæð dómkröfu stefnda svo og vaxtakrafa hans sæta ekki sérstökum andmælum af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frá 21. nóvember 1983 reiknast vextir af dæmdri fjárhæð þeir, er í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá 21. nóvember 1983 til 21. desember 1983 verði vextir af dæmdri fjárhæð 32% ársvextir, 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Kópavogskaupstaður, greiði stefnda, Guðmundi Guðbjörnssyni, 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel stefnda hafa verið að arðbærum störfum, er slysið varð. Ætti hann því ekki rétt til váttryggingarbóta, ef sú skoðun meiri hluta dómenda væri rétt, að ákvæði kjarasamnings um slysatryggingu starfsmanna beri að skýra þannig, að hún yrði háð þeim takmörkunum og undanþágum, sem yfirleitt tíðkuðust hjá íslenskum váttryggingarfélagum í almennum eða sérstökum skilmálum þeirra við atvinnuslysatryggingar launþega.

Hins vegar tel ég ákvæði kjarasamnings svo afdráttarlaus um tryggingar starfsmanna allan sólarhringinn, að óheimilt hefði verið að setja í váttryggingarskilmála fyrirvara eða skilyrði, sem takmörkuðu bótarétt starfsmanna. Ég tel, að áfrýjandi hefði gagnvart starfsmanni borið ábyrgð á þeim mun, sem orðið hefði á ákvæðum kjarasamnings og váttryggingarskírteinis, ef hann hefði kosið að kaupa tryggingar hjá váttryggingarfélagi í stað þess að bera alla áhættu sjálfur samkvæmt marggreindu ákvæði kjarasamnings um váttryggingar starfsmanna.

Með framangreindum rökstuðningi og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er ég sammála dómsorði í dómi meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu.

Dómur bæjarþings Kópavogs 18. nóvember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ.m., er höfðað af Guðmundi Guðbjörnsyni strætisvagnstjóra, Víðigrund 29, Kópavogi, á hendur forseta bæjarstjórnar Kópavogs, Skúla Sigurgrímssyni, Kársnesbraut 99, Kópavogi, f.h. Kópavogskaupstaðar v/bæjarsjóðs Kópavogs til greiðslu bóta vegna slyss, er stefnandi varð fyrir hinn 14. júlí 1978, samtals kr. 17.573.00 með útlögðum kostnaði, með 18% ársvöxtum af kr. 16.500.00 frá 14. júlí 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af kr. 17.573.00 frá þeim degi til 30. nóvember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi, sem er liðlega þritugur að aldri, hefur starfað sem strætisvagnstjóri hjá Kópavogskaupstað sl. 4—5 ár. Hann lauk námi í trésmíði fyrir

u. þ. b. 8 árum síðan og starfaði við iðn sína, þangað til hann hóf störf sem vagnstjóri.

Föstudaginn 14. júlí 1978, skömmu eftir hádegið, var stefnandi heima hjá sér við að saga snið, sem setja átti undir þakskegg á húsi hans að Víðigrund 29. Varð hann þá fyrir alvarlegu slysi á hendi.

Hús þetta hafði stefnandi byrjað byggingu á, áður en hann réðst í þjónustu stefnda. Hafði hann unnið við smíði þess í frítíma sínum þetta árabíl og annaðist sjálfur mestalla trésmíðavinnuna.

Fyrir dóminum skýrir hann þannig frá atvikum slyssins, að hann hafi verið að saga þessi snið í vélsög af gerðinni Black & Decker, sem komið hafði verið fyrir í þar til gerðu borði, en sögin var handsög. Hafi hann haft hægri höndina á sniðinu, sem hann var nýbúinn að saga til, og hafi hann líklega verið að horfa upp undir þakskeggið og velta fyrir sér, hvernig það mundi passa. Hann telur hugsanlegt, að hann hafi gleymt sér augnablik. Skipti engum togum, að sagarblaðið náði að grípa í sniðið með einhverjum hætti, og í þeim svifum lenti hægri hönd hans í sagarblaðinu með þeim afleiðingum, að af tók þumalfingur og vísifingur svo til alveg, og einnig skertust afltaugar og skynjun í löngutöng, og baugfingur skaddaðist verulega, einnig litlifingur.

Var lögreglu tilkynnt um slysið, og kom hún fljótlega á vettvang svo og sjúkrabíll, sem flutti stefnanda á slysadeild Borgarspítalans.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dags. 15. júní 1979, en hann annaðist stefnanda og gerði að áverkum hans, segir m. a. svo:

„Skoðun við komuna á slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Guðmundur var all illa haldinn af verkjum en að öðru leyti var almennt ástand hans gott. Hæ. hendi var mjög illa sködduð. Þumallinn var af sagaður um grunnliðinn (art.m.p.) að öðru leyti en því, að hann hékk við hendina á 2—3 mm breiðri húðbrú. Sagarfari náði á ská yfir lófann og auk þess voru baugfingur og litlifingur skaddaðir handarbaksmegin.

Undinn var bráður bugur að því að gera að handaráverkunum og voru þeir þá jafnframt kannaðir nánar.

Sagarfarið, er sniðið hafði af þumalinn nánast, lá síðan fram í lófann í stefnu á löngutöng. Náði sagarfarið inn á hnúalið vísifingurs lófamegin og voru aðlæg bein liðsins verulega sködduð. Sinar, taugar og æðar til vísifingurs lófamegin voru allar sundursagaðar og hékk fingurinn því aðallega við á mjúkvefjum handarbaksmegin. Blóðrás var næg í vísifingurinn um æðar handarbaksmegin.

Náði sagarfarið síðan áfram fram á nærkjúku löngutangar, lófamegin og sveifarmegin. Þar hafði sagazt sundur taug og æð til fingursins, lófamegin og sveifarmegin og gat var á sinaslíðri beygisinanna. Hins vegar

höfðu sínar sjálfar ekki skaddazt og bein í fingrinum voru ekki sködduð.

Nokkuð tætt sár var handarbaksmegin á miðkjúku baugfingurs og miðkjúkan nokkuð kurluð. Á litlafingri var . . . tætt sár ölnarmegin og handarbaksmegin á miðkjúku og nærkjúku. Sárið náði þarna inn í efri millikjúkuliðinn, (art.p.i.p.)og hafði höggvizt fleygur úr liðhausnum á nærkjúkunni.

Þumalfingurinn var nokkurn veginn hreinlega af sagaður um grunnliðinn. Hann var heillegur a.ö.l. en því, að ofurlítið tætt sár var í góm þumalsins. Rétt þótti því að kanna hvort tæknilega mögulegt væri að endurtengja hann, þ.e. koma í hann blóðrás á ný, en hún var með öllu þrotin. Nærkjúka þumalsins var því fest við I.handarbaksbeinið með þar til gerðum málmí en síðan voru slagæðar og bláæðar til og frá þumlinum kannaðar með aðstoð aðgerðarsmásjár. Nægilega víðar og tengjanlegar bláæðar fundust. Aðeins ein tengjanleg slagæð fannst og var hún tæpur 1 mm í þvermál. Þrátt fyrir tiltölulega óhagstæða slagaæðaskipan var gerð tilraun til tengingarinnar. Tyllt var fyrst saman löngu beygisin þumalsins og einnig réttisinni, en því næst var, með aðstoð aðgerðarsmásjárlinnar, gerð tenging á fyrrgreindri slagæð, sem var í sundur í greiparkverkinni og á mjög illa aðgengilegum stað. Gerð var einnig tenging með sömu tækni á tveimur bláæðum handarbaksmegin í þumlinum. Tilfinningataugarnar fjórar til þumalsins voru einnig tengdar, enda var það tæknilega fremur auðvelt. Blóðrás fékkst í þumalinn fyrst í stað, sem fékk þannig nær eðlilegan húðlit. Haldið var þá áfram að gera að áverkunum.“

Síðar í vottorðinu greinir frá því, að drep hafi komið í þumalinn og hann fjarlægður, en lifað hefði 2—3 cm húðbót handarbaksmegin á þumlinum svo og nærkjúka. Hafi verið tekinn beinbútur úr vinstri mjaðmarkambi, hann telgður til og festur við nærkjúkuna. Þannig hafi verið útbúinn nýr þumall nokkurnvegin jafnlangur hinum upphaflega, en klunnalegur og með takmarkaða hreyfigetu og skyn.

Enn síðar segir á þessa leið.:

„Guðmundur kveðst hafa tekið upp sitt fyrra starf sem strætisvagnstjóri snemma í okt. mánuði og telur það hafa gengið vandræðalítið. Þá kveðst hann hina síðari mánuði hafa reynt að vinna lítið eitt við smíðar heima hjá sér og geta að nokkru notað hæ. hendi til þess. Helztu vandkvæði á því telur hann vera, að hann á erfitt með að halda um svo gilda hluti sem hamarskraft vegna þrengsla í greipinni milli þumals og vísifingurs, en þar er verulegur örvefur. Einnig er ekkert nákvæmt grip í hendinni; annars vegar er klunnalegur og tilfinningalaus þumalstúfur en hins vegar tilfinningalaus vísifingur, án activrar kreppigetu. Notadrýgstu fingurnir eru baugfingur og litlifingur, en þeir greru á sínum tíma greiðlega og hreyfigeta þeirra varð mikið til eðlileg, líklega meðal annars vegna þess, að sjúkl. tók

snemma til við að nota hendina aftur við tómtundagaman sitt harmo-
nikkuleik, sem sýnilega var mjög góð þjálfunaraðferð fyrir fingurna.

Frekari aðgerðir voru á sínum tíma fyrirhugaðar á hendinni en þeim
hefur orðið að skjóta á frest vegna hinnar hægfæru ígerðar í þumalstúf-
um.“

„Meðferð á handaráverka Guðmundar er þannig væntanlega ekki lokið
og endanleg nýtigeta handarinnar þannig ekki fyrirséð, enda þótt ljóst sé,
að hún verði alltaf verulega gölluð.“

Á grundvelli vottorðs Rögnvalds Þorleifssonar og eigin skoðunar hefur
Björn Ónundarson læknir metið örorku stefnanda. Í framlögðu örorku-
mati, dags. 8. ágúst 1979, segir svo í niðurlagi:

„*Ályktun:* Það er um að ræða rúmlega þritugan mann, sem h. 14.7. '78
slasaðist illa, er hann lenti með hægri griplim í rafmagnshjólsóg. Í slysi
þessu sagaðist af þumalfingur hæ. handar nálega alveg af, en síðar tókst
að græða hluta hans á aftur. Auk þess skárust í sundur sinar og æðar að
mestu lófamegin, vegna skurðar sem gekk inn í lófann. Sagarfar það, er
áður greinir náði inn í hnúalið vísifingurs lófamegin og voru aðlæg bein
þess fingurs verulega sködduð. Þannig voru sinar, taugar og æðar til vísi-
fingurs lófamegin allar sundur sagðar og fingurinn hékk að kalla á mjúk-
vefjum handarbaksmegin. Sagarfarið náði fram á nærkjúku löngutangar,
lófamegin og sveifarmegin. Þar sagaðist í sundur taug og æð til fingursins,
lófamegin og sveifarmegin og gat var á sinastýri beygisinanna. Bein voru
þarna ekki sködduð og sjálfar sinarnar voru óskemmdar. Nokkuð tætt sár
var handarbaksmegin um miðkjúku baugfingurs og miðkjúkan kurluð.
Á litlafingri var tætt sár ölnarmegin og handarbaksmegin á miðkjúku og
nærkjúku. Þarna hafði höggvist fleygur úr liðhausnum á nærkjúkunni.

Alveg óvinnufær er slasaði talinn hafa verið frá slysdegi 14.7.'78 í 4
mánuði, en eftir það var starfsgeta slasaða verulega skert í 3 mánuði og
varanlega er hér um töliverða örorku að ræða.

Helstu kvartanir slasaða eru um það, að hann geti lítið notað þumal-
fingur vegna dofa og vegna þess hversu klunnalegur fingurinn er. Þá er
dofi radíalt á löngutöng og vísifingri hæ. handar, staur er um miðlið vísi-
fingurs svo og fremsta lið (piplið). Einnig er skert hreyfing í grunnlið. Þá
er staur á fremsta lið baugfingurs hæ. handar. Húðlöskun er merkjanleg
á litlafingri sömu handar. Aktiv beygi geta í grunnlið fingra hæ. handar er
þannig verulega skert, að sögn slasaða. Hendin er klunnaleg og mikill kuldi
sækir á hana, og slasaði telur hana verulega miklu kraftminni en áður var.
Kemur þetta sér mjög illa, þar sem slasaði er öðrum þræði strætisvagna-
stjóri, en hinum þræðinum trésmiður. Gengur honum illa að halda um
fyrirferðarmikil verkfærasköft, svo sem skaft á hamri, þar sem tölverður
örvefur er í greip þumalfingurs- vísifingurs handarinnar. Ekki er talið úti-

lokað, að síðar meir verði unnt að gera frekar að hægri hendi, en nú sem stendur verður ekki séð að breyting verði þó í náinni framtíð. Hugsanlegt er þannig, að síðar meir verði að endurmeta örorku slasaða vegna áður-nefnds slyss. Ekki er þannig að efa, að slasaði hefur orðið fyrir tilfinnanlegu orkutapi í áður-nefndu slysi, einkum þar sem um er að ræða mann, sem stundar akstur, trésmíði og harmonikkuleik.

Þar sem ekki verður nú séð, að í náinni framtíð verði breyting á þeim afleiðingum, sem slys þetta olli, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

| | |
|-------------------------------|------|
| Frá slysdegi í 4 mánuði | 100% |
| Eftir það í 3 mánuði | 75% |
| Varanlega | 30%“ |

Stefnandi byggir kröfur sínar á aðalkjarasamningi Starfsmannafélags Kópavogs og Kópavogskaupstaðar frá 21. október 1977, en þar kveður hann svo um mælt í 7. kafla, að starfsmenn kaupstaðarins skuli slysa-tryggðir vegna varanlegrar örorku og gildi það allan sólarhringinn. Hafi tryggingafræðingur reiknað út örorkubæturnar með tilliti til ákvæða kjarasamningsins og framkvæmdar bæjarfélaga yfirleitt á samsvarandi samningsákvæðum. Sé niðurstaða sú, að stefnandi eigi rétt á bótum, kr. 16.500.00. Auk þess krefjst hann kr. 1.073.00 vegna kostnaðar við örorkumat, læknisvottorða og útreiknings á bótakröfu. Þannig sé fram komin stefnufjárhæðin, kr. 17.573.00.

Hann telur engan vafa leika á um það, að greind slysatrygging gildi, hvort sem er í starfi eða frítíma starfsmanna. Engin skilyrði um gildi tryggingarákvæðanna séu í kjarasamningum önnur en þau, að þau eigi við, frá því starfsmaður komi á launaskrá, en falli úr gildi, um leið og hann fari af launaskrá, þ.e. hætti störfum. Þá segi, eins og áður greini, að tryggingarnar gildi allan sólarhringinn og að tryggingarákvæði valdi í engu skerðingu á áður umsömdum hagstæðari tryggingarrétti launþega. Þeir sem haldi því fram, að einhverjir óskráðir skilmálar eigi að takmarka trygginguna, hljóti að eiga sönnunarbýrðina um það. Það, að tryggingin taki eigi til þess, er starfsmaður vinni við eigin húsbyggingu í frítíma sínum, svo sem haldið sé fram af hálfu stefnda, hafi honum eigi tekist sönnun á, enda stangist það á við skýrt og skorinort orðalag kjarasamningsins.

Stefnandi vísar á bug þeim skilningi á umræddum samningsákvæðum, sem fram komi í skýrslum tveggja fyrirsvarsmanna stefnda hér fyrir dóm-inum. Hér sé óumdeilanlegt um svonefnda frítímatryggingu að ræða auk þess sem starfsmenn séu eðlilega tryggðir í starfi. Engin skilyrði takmarki svið þessara trygginga og eigi skipti það máli um tilvik það, sem hér um

ræði, þótt ákvæði í síðari kjarasamningi skírskoti til svonefndra almennra skilmála um slíkar tryggingar hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Þegar þetta sé virt, sem nú sé rakið, telur stefnandi, að það hljóti að leiða til þess, að kröfur hans verði teknar til greina.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að umrædd trygging gildi alls ekki, er starfsmaður kaupstaðarins sé við arðbær störf fyrir sjálfan sig eða aðra.

Hann telur, að það beri að skýra nefnd samningsákvæði á raunsæjan og sanngjarnan hátt. Bókstafsskýring, svo sem stefnandi byggir mál sitt á, sé bersýnilega ósanngjörn í garð kaupstaðarins. Stefndi telur, að sjónarmið þessi hafi lagastóð í grunnrökum 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922, 34. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, 31. gr., 32. gr. og 35. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Þá beri að sjálfsögðu við lögskýringu á tryggingarákvæðum kjarasamningsins að hafa fulla hliðsjón af almennum skilmálum tryggingarfélaga um hliðstæðar tryggingar og allri framkvæmd tryggingarfélaganna í þessum efnum. Það sé upplýst, að í skilmálum tryggingarfélaga um atvinnuslys-tryggingar launþega sé einmitt fram tekið, að tryggingin gildi ekki við arðbær störf hjá öðrum en tryggjanda og eins ekki hjá hinum tryggða sjálfum.

Af hálfu stefnda er lögð á það áhersla, að við gerð kjarasamningsins í október 1977 hafi það alls ekki vakað fyrir samningsaðiljum, að starfsmönnum kaupstaðarins væri skapaður grundvöllur til óeðlilegs og óréttmæts fjárhagslegs ávinnings, sem væri vissulega reyndin, ef þeir væru tryggðir við arðbær störf hjá öðrum aðiljum eða við tekju- og eignaskapandi störf í eigin þágu. Stefndi hafi notið umræddrar tryggingar í starfi sínu sem strætisvagnstjóri og auk þess í frítíma sínum við alla almenna og eðlilega frístundaiðju. Þetta tilvik, sem hér um ræði, falli utan sviðs þessarar tryggingar, svo sem rök hafi verið færð fyrir. Til frekari rökstuðnings sé bent á það, að nær óþekkt sé, að launþegar gefi eftir í kjarasamningum áður áunnin réttindi, svo sem hér væri raunin, ef bókstafsskýring stefnanda fengi staðist, þar sem í nágildandi kjarasamningi séu þessi tryggingaákvæði þannig orðuð, að vísað sé um skilmála til þeirra, sem tíðkist hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga í slíkum tryggingasamningum. Auðvitað sé það svo, að starfsmenn kaupstaðarins hafi ekkert gefið eftir í þessu efni í síðustu kjarasamningum, heldur hafi nefnd skilyrði í raun verið fyrir þessum tryggingum frá upphafi.

Aðiljar eru á einu máli um það, að umrædd tryggingaákvæði gildir jafnt í starfi sem í frítíma launþegans. Þá greinir hins vegar á um það, hvort frítímatrygging takmarkist af skilmálum og þá hverjum.

Eigi verður á það fallist, að slysatryggingin gildi fortakslaust án skilyrða, hvað svo sem starfsmaður tæki sér fyrir hendur í frítíma sínum. Verður það talið leiða af eðli máls, að þeir skilmálar takmarki trygginguna, að

starfsmaður njóti hennar ekki, er hann sé í launuðu starfi hjá öðrum í frítíma sínum eða stundi atvinnustarfsemi fyrir eigin reikning. Þá verður talið, að tryggingin eigi ekki við um þau slys, er starfsmaður yrði fyrir af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi sínu. Á hinn bóginn þykir með tilvísun til málgagna rétt við það að miða, að tryggingin gildi við öll almenn og eðlileg tótmundastörf og iðju starfsmanns.

Telja verður það alþekkta staðreynd, að vinna húseigenda sjálfra í frítíma sínum við ýmiss konar viðhald eignanna sé fremur algeng tótmunda-iðja hér á landi og að hið sama sé raunin við byggingu þeirra. Stefnða hefur eigi tekist sönnun um tilvist tryggingarskilmála þeirra, sem hann hefur vísað til almennt, né sönnun þess sérstaklega, að vinna við eigin húsbyggingu falli utan sviðs frítímatryggingarinnar.

Þar sem þessu er svo farið sem nú er sagt, og telja verður vinnu við eigin húsbyggingu frekar algenga tótmunda-iðju manna á vissu árabili, er það skoðun dómarans, að stefnandi hafi verið slysatryggður samkvæmt ákvæðum 7. kafla nefnds aðalkjarasamnings, er hann slasaðist hinn 14. júlí 1978, enda verður eigi talið, að slysið megi rekja til stórkostlegs gáleysis hans.

Eigi verður það talið breyta niðurstöðu í þessu efni, að stefnandi er faglærður trésmiður og slasast við smiðar, en af stefnda hálfu er því haldið fram, að þessi málsástæða eigi með öðrum málsrökum hans að leiða til sýknu. Er það skoðun dómarans, að sú staðreynd, að stefndi er faglærður á því sviði, sem hér um ræðir, eigi ekki að rýra rétt hans, enda leiði hún raunar til minni áhættu tryggjandans, svo sem atvikum er hér háttað.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, ber að dæma stefnanda rétt til slysatryggingabóta eftir ákvæðum nefnds aðalkjarasamnings.

Svo sem að framan greinir, hefur Björn Önundarson læknir metið varanlega örorku stefnanda 30%. Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram nýtt vottorð Rögnvalds Þorleifssonar læknis, dags. 29. september 1980, þar sem greinir frá aðgerðum á hendi stefnanda, sem framkvæmdar hafa verið eftir mitt ár 1979, þ. e. frá því fyrra vottorð læknisins var gefið út. Samkvæmt þessu síðara vottorði hefur orðið nokkur árangur af þessum framhaldsaðgerðum samfara æfingum. Þá er á það drepið, að hugsanlegar séu frekari aðgerðir, sem vænta megi einhvers árangurs af. Er og haft eftir stefnanda, að hægri höndin nýtist honum orðið allvel við dagleg störf, þ. á m. við smiðar heima við. Stefnandi hefur og lagt fram yfirlýsingu Björns Önundarsonar læknis, dags 13. janúar sl., en þar segir, að fram hafi farið endurskoðun á örorkumatinu frá 8. ágúst 1979 og þyki ekki ástæða til að breyta því.

Af hálfu stefnda er örorkumatinu mótmælt sem röngu. Bent er á, að bæði í örorkumatinu sjálfu svo og í hinum framlögðu læknisvottorðum komi

löggt fram, að fyrirhugaðar séu frekari aðgerðir á meinum stefnanda. Telur stefndi, að þetta sýni ótvírætt, að ótimabært hafi verið að leggja mat á örorku stefnanda, þar sem vænta megi breyttra forsendna í þessu efni að afstöðnum aðgerðum á hendinni. Þá telur stefndi, að ósannað sé, að stefnandi hafi nokkuð fjártjón beðið vegna slyssins. Hann hafi í engu misst af launum sem strætisvagnstjóri, hvorki árið, sem slysið varð, né síðar og sé það reyndar viðurkennt af stefnanda sjálfum. Hljóti þetta að leiða til sýknu að álitu stefnda, þótt dómurinn, mót von hans, kæmist að þeirri niðurstöðu, að umrædd tryggingaákvæði tækju til atviks þess, sem málið sé af risið.

Þegar litið er til þess, sem að ofan greinir um örorkumat það, sem hér liggur fyrir, og gögn málsins í heild, er það snerta, verður eigi talið, að því hafi verið hnekktt í nokkru tilliti. Verður því á því að byggja í úrlausn málsins.

Í tilvitnuðum 7. kafla aðalkjarasamningsins frá 21. október 1977, grein 7.1.2, eru fyrirmæli um það, að starfsmenn skuli slysatryggðir á þann veg, að þeir hljóti bætur fyrir hvert örorkustig frá 0—100, svo sem nánar er útlistað í greininni. Verður að telja, að fullnægning þessara skilyrða ráði úrslitum um fjárhæð bóta til hins tryggða, en ekki skipti máli um bótaréttinn, hvernig raunverulegar atvinnutekjur og fjárhagsafkoma hafa verið eftir slysið. Ber því að taka bótakröfu stefnanda að öllu leyti til greina ásamt umkröfðum vöxtum, enda hefur upphæð hennar út af fyrir sig eigi sætt neinum mótmælum af hálfu stefnda né sá reikningslegi grunnur, sem hún er byggð á.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.780.00.

Ólafur Stefán Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kópavogskaupstaður v/bæjarsjóðs Kópavogs, greiði stefnanda, Guðmundi Guðbjörnssyni, kr. 17.573.00 með 18% ársvöxtum af kr. 16.500.00 frá 14. júlí 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, með 27% ársvöxtum af kr. 17.573.00 frá þeim degi til 30. nóvember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars. 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 4.780.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.